

# NORNAFLUG

Rammgöldrótt minnisþil fyrir 2-6 litlar nornir og galdrakarla frá 3 ára aldri  
eftir Heinz Meister

## INNIHELDUR

1 spilaborð  
5 nornaskífur í mismunandi litum  
5 nornahattar  
1 litateningur

## SAGAN

Fljót nú, litla norn! Stökktu upp á kústinn þinn og fljúgðu af stað. Eftir klukkustund hefst Valborgarmessa, nornahátíðin mikla á Blokkfjalli. Farðu samt varlega og dragðu nornhattinn vel niður fyrir bæði eyru. Þú mátt ekki láta ná þér, því litlar nornir mega ekki láta sjá sig þegar gömlu nornirnar dansa í kringum bálið.

Þú skalt þó leyfa litlu galdrakörlunum að sjá þig öðru hvoru á meðan þú flýgur svo þeir geti leitt þig hratt og örugglega að Blokkfjalli. Drífuðu þig nú, litla norn...

## UNDIRBÚNINGUR

Setjið nornhatt yfir hverja litaða nornaskífu. Ruglið því næst höttunum, svo enginn viti lengur hvaða norn er undir hvaða hatti, og raðið þeim svo hlið við hlið á byrjunarreitinn neðst.

## MARKMIÐ SPILSINS

Sá leikmaður sigrar sem er fyrstur að koma einni af nornunum upp á Blokkfjall, á lokareitinn á spilaborðinu.

## GANGUR SPILSINS

Yngsti leikmaðurinn byrjar og kastar teningnum.  
Ef upp kemur litur á teningnum  
Þá lyftir leikmaðurinn upp hattinum þar sem hann heldur að nornina í þessum lit sé að finna.

### Húrra! Rétt norn – í réttum lit!

Leikmaður setur þá hattinn aftur yfir nornina og færir hana fram um einn reit í átt að Blokkfjalli. Síðan má hann kasta teningnum strax aftur og komi aftur upp litur lyftir hann aftur hatti o.s.frv. Hann má halda áfram að kasta teningnum og lyfta höttum þar til hann tekur hattinn af rangri norn eða fær upp örvarnar tvær á teningnum.

### Ó nei, röng norn!

Þá setur leikmaður hattinn aftur á nornina og lætur hana kyrra og næsti maður til vinstri á leik.

## LEIKSLOK

Spilinu lýkur þegar einhverjum leikmanna tekst að koma einhverri af nornunum upp á Blokkfjall, síðasta reitinn á spilaborðinu. Sá leikmaður sigrar!

©2010 Zoch GmbH · Hönnuður: Heinz Meister · Myndskreytingar: Heidemarie Rüttinger, Detlev Richter

